



## Fundargerð Bogfiminefndar ÍSÍ

### 1. Fundur haldinn í Bogfimisetrinu, Dugguvogi 10.01.2017 kl. 21:15

Fundinn sátu: Guðmundur Örn Guðjónsson, Haraldur Gústafsson, Indriði R. Grétarsson, Margrét Einarsdóttir og Ólafur Gíslason

Fundargerð ritaði: Ólafur Gíslason

Haraldur og Indriði tengdust í gegnum fjarfundarbúnað (Skype) á fundinum.

#### 1. Niðurstöður kosninga og verkaskiptingar

Farið yfir kosningar í bogfiminefndina eftir stærðarbreytingu. Nefndin er samþykkt á fundinum.

Rætt um stöður innan bogfiminefndarinnar (Formann, varaformann, ritara, tengilið gjaldkera og meðstjórnanda). Ákveðið er að hafa stöðu tengiliðs gjaldkera til að undirbúa nefndina fyrir það að verða seinna að sambandi. Sú staða myndi þá breytast í stöðu gjaldkera.

Tillögur um eftirfarandi uppröðun nefndarinnar er tekin fyrir;

Formaður: Margrét Einarsdóttir

Varaformaður: Guðmundur Örn Guðjónsson

Ritari: Ólafur Gíslason

Tengiliður gjaldkera: Haraldur Gústafsson

Meðstjórnandi: Indriði R. Grétarsson

Allar tillögurnar eru samþykktar einróma.

Beðið er um að notast verði við nafnakall í stað þess að biðja um já í kosningum til að fyrirbyggja misskilning fyrir þá sem tengjast í gegnum fjarfundarbúnað.

#### 2. Undirnefndir

Nefndin ræðir mögulegar undirnefndir.

Rætt um mögulegar undirnefndir og um að byggja valið að hluta á því hvernig heimssambandið (World Archery) skilgreinir sínar undirnefndir.

Ákveðið er að byrja á að koma upp þjálfaranefnd, mótanefnd og dómaranefnd og öðlast reynslu á þeim áður en farið er að skoða stofnun á öðrum nefndum.

Tillaga er um að eftirfarandi aðilar verði tilnefndir í þjálfaranefnd: Astrid Daxböck, Haraldur Gústafsson og Indriði R. Grétarsson.



Rætt var að reyna að hafa 3 einstaklinga í hverri undirnefnd. Er þá miðað við stærð undirnefnda hjá sambærilega stórum samböndum innan ÍSÍ.

Bogfiminefndin ætlar að athuga hverjir hafi áhuga á að sitja í mótanefnd og dómarnefnd og ræða það á næsta fundi.

### 3. Áætlun fyrir innleiðingu á sambands-verkefnum

Umræður um hvaða forgang eigi að hafa á undirbúnings-verkefnum til að geta stofnað bogfimisamband.

Er nefndin sammála um að stofnun undirnefnda og uppsetning þeirra ætti að ganga fyrir. Einnig þurfi hver undirnefnd að hafa tengilið í bogfiminefndinni sem getur aðstoðað undirnefndina.

Upplýsingar um tengiliði í Felix eru ókláraðar og tekur ritari það að sér að laga það. Ritari tekur að sér að setja upp svæði inn á bogfimi.is fyrir fundargerðir og upplýsingar um aðalnefnd (bogfiminefndina).

### 4. Önnur mál

#### a. Dómarnámskeið

Búið að fara yfir dómarahandbók og klárast yfirferð á prófspurningum í vikunni þannig að hægt verði að prufukeyra efnið fyrir námskeiðið.

Umræður um tímamörk fyrir prófið. Eru allir sammála um að 2 klst. Væri nægur tími til að klára prófið.

#### b. Staðan á skipulagningu f. RIG (Reykjavík International Games)

Margrét fór yfir stöðuna. Undirbúningur gengur vel og verið að vinna í því að finna fólk fyrir loka-atrðið.

#### c. Fundargerðir

Rætt að fundurgerðir verði sendar á alla fundarmenn auk þess að þær verði gerðar opinberar þegar þær hafa verið samþykktar.

**Fundi slitið kl. 22:00**

**2. Fundur Bogfiminefndar ÍSÍ verður haldinn þann 24. janúar kl. 21:15**